

1868.

25. júní.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, um borgun fyrir að flytja póstsendingar á Berufirði af skipi og á.

Í bræfi dagsettu 3. þ. m. hafið þér, herra sýslumaður, skýrt frá, að Weywadt verzlunarstjóri á Berufirði hafi tekizt á hendur að annast um, í hvert skipti sem gufupóstskipið hleypir þar inn á höfnina, að póstsendingarnar verði sóktar út á skip og fluttar út á skip án nokkurrar sérstakrar þóknunar, einasta að hann fái endurgoldið það sem hann borgar fyrir flutninginn, og hafið þér þess utan beðið um, að fá leyfi frá stjórnarráðinu til að mega borga fê það, sem til þessa gengur, og færa það til sem gjald í sýslureikningi eða póstreikningi yðar.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á, að kostnaður sá, sem til þessa gengur, verði færður til meðal gjaldanna í póstreikningi þeim, sem þér semið á ári hverju.

1. júlí.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um lestagjald af kolafarmi handa dönskum herskipum.

Í bræfi dagsettu 22. f. m. hefir sjóliðsstjórnin krafizt endurgjalds á 147 rd., sem H. P. Kromann, skipherra á skipinu Zampa, hafði goldið í lestagjald af kolafarmi, er hann hafði lagt upp í Reykjavík handa skrífu-gufuskipinu Fylla, og hefir hið heiðraða stjórnarráð tekið fram, að ákvarðanirnar um að kaupa íslenzk leiðarbréf geti að sinni hyggju ekki átt við um þenna farm, þar sem hann eingöngu sè ætlaður handa þeim herskipum, er hafi stöðvar sínar undir Íslandi til þess að vernda réttindi landsmanna.

Útaf þessu skal dómsmálastjórnin leyfa sèr að leiða athygli sjóliðsstjórnarinnar að því, að lestagjald það, sem skipað er fyrir um í lögunum 15. aprílmán. 1854, er ekki tekjugrein,